



Alþingi
Erindi nr. **P 135/2754**
komudagur **15.5.2008**

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. sjávarútvegs- og
landbúnaðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 13. maí 2008

0804493SA /GB

Tilv.: 313

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fiskeldi, 530. mál

Frumvarpið barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar með bréfi dags. 23. apríl 2008. Um er að ræða frumvarp til nýrra heildarlaga um fiskeldi sem koma í stað laga nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar, og lög nr. 57/2006, um eldi vatnafiska. Mun sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fara með yfirstjórn fiskeldismála en framkvæmd stjórnslu verður hjá Fiskistofu. Áður heyrði stjórnslu málaflokksins undir tvö ráðuneyti og tvær stofnanir og má vænta þess að við þessa einföldun á stjórnslu verði stefnumótun og eftirlit með málaflöknum skilvirkara en áður.

Ýmis ákvæði frumvarpsins horfa til framfara og má þar sérstaklega nefna að í V. kafla er kveðið á um að rekstrarleyfi falli úr gildi hafi starfsemi ekki hafist innan tveggja ára frá útgáfu þess. Sama gildir ef starfsemi fiskeldisstöðvar stöðvast í tvö ár. Sambærileg ákvæði hefur skort í gildandi lög.

Sambandið gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. Aðkoma og umsagnarréttur sveitarfélaga

Að áliti sambandsins er það verulegur ágalli á frumvarpinu að þar er hvergi getið um aðkomu sveitarfélaga við stjórnsluákvæðanir, t.d. um svæðaskiptingu fiskeldis, sbr. 5. gr. og staðsetningu fiskeldisstarfsemi og útgáfu rekstrarleyfa, sbr. III. kafla frumvarpsins. Einnig telur sambandið eðlilegt að í ákvæði til bráðabirgða verði gerð sú breyting að Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni einn fulltrúa í samráðsnefnd um framkvæmd laganna.

Um hagsmuni sveitarfélaga af ákvörðunum um staðsetningu fiskeldisstarfsemi vísar sambandið til umsagnar um frumvarp til skipulagslaga sem nú er til umfjöllunar í umhverfisnefnd Alþingis. Þar segir m.a.:

“Skipulagsskylda nær til alls lands og hafs innan marka sveitarfélaga en það er í samræmi við þá skyldu sem hvílir á sveitarfélögum samkvæmt gildandi rétti. Samkvæmt áliti félagsmálaráðuneytisins frá 19. október 2000 miðast mörk sveitarfélaga til hafsins við netlög. Gildir þetta einnig um netlög við hólma og eyjar sem tilheyra bújörðum. Innan þessara marka fara sveitarfélög með skipulagsvald og útgáfu framkvæmdaleyfa. Sambandið telur mikilvægt að Alþingi taki afstöðu til þess hvort nægilegt sé að skipulagslögsaga sveitarfélaga til hafsins takmarkist af netlögum. Nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði árið 2002 náði ekki að mynda sameiginlega afstöðu til þessarar



spurningar en afstaða fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga var sú að þessi mörk séu alltof knöpp. Það hlýtur að skipta sveitarfélögin og íbúa þeirra miklu máli hvort starfsemi á borð við fiskeldi eða vindmyllugarða sé leyfð við strönd eða á fjörðum og því nauðsynlegt að þeim sé tryggð aðkoma að ákvörðunum um hvort slík starfsemi sé yfirleitt leyfð."

Á meðan lögsaga sveitarfélaga nær ekki lengra á haf út en sem netlögum nemur hafa sveitarstjórnir ekki möguleika á að stöðva áform um fiskeldisstarfsemi sem fram fer utan þeirra marka. Til að ráða bót á þessu vandamáli leggur sambandið til að sveitarfélögum verði veittur lögbundinn umsagnarréttur í tengslum við afgreiðslu umsókna um rekstrarleyfi þar sem sveitarstjórn gefst m.a. færi á að koma á framfæri sjónarmiðum um staðsetningu og möguleg umhverfisáhrif fyrirhugaðrar starfsemi.

2. Samráð við heilbrigðisnefndir og Umhverfisstofnun

Einnig virðist frumvarpshöfundum hafa láðst að gera ráð fyrir samráði við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og Umhverfisstofnun. Fara þessir aðilar þó lögum samkvæmt með framkvæmd mengungareftirlits og er það hlutverk heilbrigðisnefnda að gefa út starfsleyfi fyrir fiskeldisstöðvar. Hlýtur að þurfa að hafa samráð við þessa aðila t.d. um svæðaskiptingu fiskeldis, sbr. 5. gr. frumvarpsins og staðbundið bann við starfsemi, sbr. 6. gr. Auk þess er eðlilegt að kalla eftir umsögn þeirra við afgreiðslu umsókna um rekstrarleyfi, sbr. III. kafla, og setningu reglugerða, sbr. 4. gr.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræðisviðs